

**Nr. 19-048 S 037 Fróði II ÁR 38*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2773  
Útgerð: Rammi hf  
Smíðaður: Skotlandi 1998, stál  
Stærð: 356,2 bt.  
Mesta lengd: 27,56 m Skráð lengd: 23,98 m  
Breidd: 8,52 m Dýpt: 4,9 m  
Vél: Caterpillar 681 kW, 1997  
Fjöldi skipverja: 9



Fróði II©NN

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþróði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 19. október 2018 var Fróði II ÁR 38 við landfestar í Þorlákshöfn. Veður: SV 10 m/s.

Skipverjar voru að skipta af humarveiðum yfir á fiskitroll. Verið var að hífa upp þvottakar af millipilfari þegar skipverji, sem var að stýra því, steig ofan í fiskilúgu sem lá niður í lest. Féll hann við og lenti með síðuna á hvassri brún með þeim afleiðingum að hann brákaði rifbein. Farið var með slasaða á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að fiskilúgan var 40x40 cm að stærð með 30 cm háum kanti;
- að búið var að fjarlægja allan annan búnað af millipilfarinu þannig að skipverjinn hafði ekkert til að grípa í þegar hann féll.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.